



Verkefnastjóri – Sigtúnsreitir

Helgaland og Íslandshótel leita að öflugum aðila til að taka þátt í búðar- og hótelluppbyggingu Sigtúnsreitsins. Í byggingu eru 109 íbúðir og um 13.000 m² stækkun Hótel Reykjavík Grand.

Umsækjendur þurfa að hafa góða reynslu af verkefnastjórnun í byggingariðnaði.

Áhugasamir senda inn umsókn og kynningarbréf á verkefnastjori@sigtunsreitir.is

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til og með 17. febrúar 2025



ÖLFUS

Starfsmaður á umhverfis- og framkvæmdasvið Ölfuss

Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir því að ráða starfsmann á umhverfis- og framkvæmdasvið. Meðal helstu verkefna eru gerð verk- og kostnaðaráætlana, verkefnastjórnun, stjórnun viðhalds- og nýframkvæmda, eftirlit með hönnun og framkvæmdum, ásamt samskiptum við opinbera aðila.

Æskilegar hæfniskröfur:

- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund.
- Verk-, tækni- eða byggingafræðimenntun eða önnur menntun/reynsla sem nýtist í starfi.
- Reynsla af verkefnastjórnun og áætlanagerð.
- Reynsla af stjórnun er kostur.
- Framkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð íslenskukunnátta nauðsynleg.

Sveitarfélagið Ölfus hefur vaxið hratt á síðustu árum með auknum íbúafjölda, uppbyggingu atvinnulífs og nýframkvæmdum. Svæðið hefur laðað að sér fjölbreytt fyrirtæki, sérstaklega í umhverfisvænum matvælaíðnaði og ferðaþjónustu, ásamt því að leggja áherslu á bætt innviði og þjónustu við bæjarbúa. Vöxturinn seinustu ár hvílir á traustri verðmætasköpun og hefur þannig skapað tækifæri til þróunar velferðarsamfélags.

Umsóknarfrestur til 6. febrúar.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigmar B. Árnason, sviðsstjóri í gegnum netfangið sigmar@olfus.is og í síma 480-3800.

PORSCHE



Sölustjóri Porsche

Porsche á Íslandi leitar að öflugum einstaklingi í starf sölustjóra. Viðkomandi þarf að hafa haldbæra reynslu af sölustörfum, þekkingu á bílamarkaðinum, mikla þjónustulund, skipulögð vinnubrögð og leiðtogaþæfni.

Starfssvið:

- Ber ábyrgð á mótun stefnu og markmiða söludeildar Porsche í samráði við forstjóra
- Ber ábyrgð á gerð söluaætlana og eftirfylgni þeirra í samstarfi við markaðsstjóra
- Ber ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi söludeildar og stýrir sölufundum
- Yfirumsjón með tilboðsgerð og uppþökum
- Vinnur með vörumerkjastjóra Porsche að pöntunum á nýjum bílum
- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina

Söluráðgjafi nýrra og notaðra bíla

Við leitum að söluráðgjafa nýrra og notaðra bíla. Starfið felur í sér kynningu, ráðgjöf og þjónustu vegna bílakaupa. Viðkomandi þarf að hafa haldbæra reynslu af sölustörfum, vera skipulagður, framtakssamur og með mikla þjónustulund.


Starfssvið:

- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
- Móttaka gesta í sýningarsal
- Hafa samband við viðskiptavini með úthringingum
- Gerð tilboða og eftirfylgni
- Afhending bifreiða og eftirþjónusta

Hæfniskröfur: Nánari upplýsingar um hæfniskröfur á benni.is/Um_Fyrirtaekid/Atvinna

Umsókn ásamt ferilskrá sendist fyrir 10. febrúar, merkt starfsheiti sem sótt er um, á netfangið: tryggvi@benni.is. Fullum trúnaði er heitið.





Við leitum að forstjóra

EIK

Eik fasteignafélag óskar eftir að ráða forstjóra. Félagið, sem var stofnað árið 2002, er eitt af stærstu fasteignafélögum landsins og hefur sérhæft sig í eignarhaldi og útleigu á atvinnuhúsnæði. Frá upphafi hefur Eik fasteignafélag vaxið með áherslu á fjárfestingar í helstu viðskiptakjörnum höfuðborgarsvæðisins en félagið er skráð í Kauphöll Íslands.

Við leitum nú að öflugri manneskju með brennandi áhuga og kraft til að leiða áframhaldandi vöxt félagsins inn í framtíðina. Fram undan eru fjölmörg tækifæri þar sem viðskiptapróun, þjónusta og samvinna við hagaðila eru í lykilhlutverki.

Forstjóri leiðir öflugt starfsfólk félagsins, mótar stefnu í samvinnu við stjórn og ber ábyrgð á rekstri og uppbyggingu Eikar í síbreytilegu rekstrarumhverfi.

Hæfniskröfur

- Viðtæk reynsla af stjórnun og rekstri
- Leiðtogahæfni og stefnumótandi hugsun
- Sölu- og þjónustudrifið hugarfar
- Geta til að byggja upp og viðhalda sterkri liðsheild og starfsánægju
- Glögg auga og staðföst trú á tækifæri
- Brennandi áhugi á fasteignum og skipulagsmálum
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum
- Viðeigandi háskólamenntun

Leigutakar Eikar fasteignafélags eru fjölbreyttir og stunda ýmiss konar rekstur. Leigurými eru frá 15 fermetrum upp í nokkur þúsund fermetra. Leigutakar félagsins eru um 500 talsins í meira en 650 leiguingum.

Hjá félaginu starfar fólk með fjölbreytta menntun og reynslu á fasteignamarkaði. Metnaður þess er að veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu og bjóða húsnæðislausnir í takt við mismunandi þarfir. Sú viðleitni grundvallast á gildum félagsins: fagmennsku, frumkvæði, léttleika og áreiðanleika.



Sótt er um starfið á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með **2. febrúar nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veita Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is, og Hlynur Atli Magnússon, hlynur@hagvangur.is.

Forritari

Árvakur, sem rekur meðal annars Morgunblaðið, mbl.is og K100, leitar að metnaðarfullum vefforritara hjá mbl.is, mest sóttu vef landsins.

Meðal helstu verkefna eru forritun, nýsmíði og viðhald á vefjum mbl.is.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða hugbúnaðarverkfræði eða reynsla sem nýtist í starfi
- Þekking á Python og reynsla af einhverju MVC-miðuðu vefkerfi, t.d. Django
- Reynsla af framendaforritun (HTML, CSS og Javascript)
- Framsækni, að tileinka sér bestu mögulegu tækni hverju sinni og finna nýjar og betri leiðir til að leysa verkefni
- Gagrnýnið hugarfar, sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
- Metnaður fyrir smáatriðum í viðmóti, virkni og hönnun vefja
- Góð mannleg samskipti og hæfni til að vinna í hópum

Nánari upplýsingar um starfið veitir Úlfar Ragnarsson, forstöðumaður Upplýsingatækni, í síma 569 1178 eða á ulfar@mbl.is.

Umsóknarfrestur er til og með 6. febrúar 2025.

Umsóknum skal skilað á arvakur.is/storf með starfsferilskrá og kynningarbréfi.

mbl.is **Morgunblaðið** **K100**

Notendaþjónusta

Árvakur, sem rekur meðal annars Morgunblaðið, mbl.is og K100, leitar að þjónustulunduðum starfsmanni í notendaþjónustu hjá mbl.is, mest sóttu vef landsins.

Meðal helstu verkefna eru þjónusta við notendur, uppsetning, rekstur og uppfærslur á stýrikerfum á vinnustöðvum, netþjónum og öðrum notendabúnaði og önnur tilfallandi verkefni í samráði við stjórnendur.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Góð þekking á Microsoft-lausnum og IP-kerfum
- Þekking á Unix er kostur
- Rík þjónustulund
- Góð mannleg samskipti og hæfni til að vinna sjálfstætt og í hópum

Nánari upplýsingar um starfið veitir Úlfar Ragnarsson, forstöðumaður Upplýsingatækni, í síma 569 1178 eða á ulfar@mbl.is.

Umsóknarfrestur er til og með 6. febrúar 2025.

Umsóknum skal skilað á arvakur.is/storf með starfsferilskrá og kynningarbréfi.

mbl.is **Morgunblaðið** **K100**

Raðauglýsingar

Styrkir



Styrkir til verkefna í þágu barna árið 2025

Barnavináfélagið Sumargjöf auglýsir hér með til umsóknar styrki á sviði rannsókna, lista og þróunarverkefna í þágu barna.

Vakin er athygli á að umsækjendum er gert að fylla út umsókn á sérstöku eyðublaði sem vistað er á vef félagsins og senda það síðan í viðhengi á tölvupóstfang Sumargjafar sumargjof@simnet.is að lokinni útfyllingu.

Nánari upplýsingar er að finna á vef félagsins sumargjof.is. Stjórn Sumargjafar áskilur sér rétt til að óska eftir nánari upplýsingum um verkefni og leita umsagnar fagaðila.

Umsóknarfrestur er til og með 2. mars 2025.

Reykjavík, 23. janúar 2025.
Barnavináfélagið Sumargjöf

Félagsstarf



Aðalfundur félags Sjálfstæðismanna í Nes- og Melahverfi

Aðalfundur Félags sjálfstæðismanna í Nes- og Melahverfi verður haldinn fimmtudaginn 6. febrúar nk. kl. 16:00 í Valhöll við Háaleitisbraut 1.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári
2. Reikningsskil
3. Skýrslur nefnda
4. Kjör formanns, stjórnar, varastjórnar og skoðunarmanna reikningsskila.
5. Kjör fulltrúa í Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík.
6. Tillögur um lagabreytingar.
7. Kjör fulltrúa á landsfund Sjálfstæðisflokksins 2025
8. Önnur mál.

Framboðum skal skilað inn með tölvupósti á netfangið jonb@xd.is. Framboðsfrestur er til kl. 16:00, mánudaginn 3. febrúar 2025. Formaður er kosinn sérstaklega.

Hvetjum alla félagsmenn til að mæta á fundinn.

Félag sjálfstæðismanna í Nes- og Melahverfi

Lögmenn við embætti borgarlögmans

Tvö störf lögmanna hjá embætti borgarlögmans eru laus til umsóknar.

Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á góða alhliða þekkingu á flestum réttarsviðum lögfræðinnar og sjálfstæð og öguð vinnubrögð. Áhersla er lögð á símenntun og miðlun þekkingar milli starfsfólks. Hjá embætti borgarlögmans, sem er með aðsetur í Ráðhúsi Reykjavíkur, starfa níu lögmenn auk verkefnastjóra.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Lögfræðileg ráðgjöf, þ.m.t. álitserðir og umsagnir til borgarstjórnar, borgarráðs, innkaupa- og framkvæmdaráðs, borgarstjóra, sviða og stofnana Reykjavíkurborgar
- Fyrirsvar og hagsmunagæsla fyrir Reykjavíkurborg og stofnanir hennar fyrir dómstólum og eftirlits- og úrskurðaraðilum
- Undirbúningur dómsmála og málflytningur
- Meðferð stjórnarsýslumála
- Meðferð innkaupamála
- Samningagerð, yfirlestur samninga og önnur skjalagerð
- Fyrirsvar vegna skaðabótakrafna sem beint er gegn Reykjavíkurborg
- Uppgjör slysa- og skaðabótakrafna á grundvelli kjarasamninga

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættispróf eða meistaraþróf í lögfræði
- Málflytningsréttindi fyrir héraðsdómstólum
- Góð þekking á stjórnarsýslurétti
- Reynsla af málflytningu æskileg
- Sveigjanleiki, samstarfshæfni og hæfni til að afla sér nýrrar þekkingar og setja sig inn í ólíka málaflokka
- Gott vald á íslensku og góð færni til framsetningar máls í ræðu og riti
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni og lipurð í samskiptum

Um er að ræða fullt starf og greiðast laun samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Stéttarfélags lögfræðinga. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 4. febrúar 2025. Umsókn skal skila rafrænt á vefsíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is. Með umsókn skal fylgja afrit af málflytningsréttindum, ítarleg starfsferilskrá, sem sem fram koma upplýsingar um menntun og fyrri störf, ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hvernig umsækjandi uppfyllir hæfniskröfur til að gegna starfinu.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ebba Schram borgarlögmaður í síma 411-4100 eða í gegnum netfangið ebba.schram@reykjavik.is.

Vantar þig smið?
FINNA.is

FINNA Q
ÍSLENSK FYRIRTÆKI OG ÞJÓNUSTA

Raðauglýsingar

Tilkynningar

Auglýsing um skipulagsmál í Hvalfjarðarsveit



Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 23. janúar 2025 að auglýsa skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 fyrir jörðina Galtarlækur, L133627, í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Svæðið sem um ræðir er neðan Þjóðvegur 1 og er í gildandi aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarland. Samhliða breytingu á aðalskipulagi er unnið deiliskipulag fyrir svæðið. Áætlað er að stærð Galtarlækjar sé um 127 ha en stærð skipulagssvæðisins um 80 ha. Fyrirhugað er að á svæðinu verði starfsemi sem hýsi vörugemymslur, geymslsvæði, léttan iðnað og ýmiss konar þjónustuvæði, t.d. vegna hafnsækinna starfsemi. Gert er ráð fyrir höfn og viðlegukanti sem muni þjónusta flutningaskipum og skemmtiferðaskipum. Stærsti hluti skipulagssvæðisins einkennist af fremur gróðursnaðum melum og mólendi en næst hringvegi 1 eru nokkur aflögð tún. Landið er nokkuð hæðótt og í aflíðandi halla frá hringvegi 1 og niður í grýtta fjöru.

Ofangreind tillaga er auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins og skipulagsgátt Skipulagsstofnunar (www.skipulagsgatt.is) frá 30. janúar – 27. febrúar 2025.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 27. nóvember 2024 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032

fyrir Litla-Botnsland 1, L224375, í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrirhuguð er uppbygging á hóteli og ferðaþjónustu þar sem áhersla er lögð á náttúruferðamennsku samhliða skógrækt. Gert er ráð fyrir gistingu fyrir allt að 200 gesti á hóteli og minni gestahúsum ásamt veitingarekstri, náttúruböðum, útivist og annarri ferðatengdri þjónustu. Heildar byggingarmagn svæðis verður allt að 5.000 m². Unnið er að matstilkynningu til Skipulagsstofnunar, í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Ofangreind tillaga er auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins og skipulagsgátt Skipulagsstofnunar (www.skipulagsgatt.is) frá 30. janúar – 13. mars 2025.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar á kynningartíma. Athugasemdum skal skilað inn rafrænt í skipulagsgátt. Ef óskað er nánari kynningar á tillögunum skal bóka tíma hjá skipulagsfulltrúa á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar.

Jökull Helgason

Deildarstjóri Umhverfis- og skipulagsdeildar / Skipulagsfulltrúi Hvalfjarðarsveitar

Félagsstarf eldri borgara

Aflagrandi 40 Morgunspjall, heitt á könnunni kl. 9-11. Opin vinnustofa kl. 9-12, nóg pláss. Kraftur í KR kl. 9:30 & 10:30. Bingó kl. 13:30, spjaldið kostar 300 kr. Opin vinnustofa kl. 13:30. Kaffi kl. 14:30-15:20, ódýrasta kaffihúsið í bænum. Skákdeild KR kl. 16-18. Nánari upplýsingar í síma 411-2702. Öll velkomin.

Árskógar 4 Smíðastofa með leiðbeinanda. Samvera með prest kl. 10:30. Gönguhópur kl. 11. Handavinna kl. 12:30-16. Myndlist með Elsu kl. 13. Spáum í spilin; hvernig verður vikan 13:30. Bónusbíllinn, fer frá Árskógum 6-8 kl. 13:10. Hádegismatur kl. 11:30-12:30. Kaffisala kl. 14:45-15:30. Líkamsræktarhorn opið. Allir velkomnir óháð búsetu og aldri. Sími 411-2600.

Félagsmiðstöðin Dalbraut 18-20 Handavinnusamvera kl. 9.30. **Félagsmiðstöðin Hraunbær 105** Sundleikfimi í Árbæjarlaug (inni) kl. 8:30. Morgunkaffi og spjall kl. 9:00. Handavinna m/leiðbeinanda kl. 9:00-12:00. Sundleikfimi í Árbæjarlaug (úti) kl. 9:30. Helgistund kl. 9:30-10:00. Stólajóga kl. 10:30-11:00. Hádegisverður kl. 11:30-12:30. Þrjónaklúbbur kl. 13:00-14:00. Létt ganga kl. 13:00. Kaffisala og meðlæti kl. 14:00-14:30. Verið öll velkomin í Hraunbær 105.

Félagsmiðstöðin Hæðargarði 31 Kaffisopi og spjall kl. 8:30-11:00. Gæðastund með hannyrðir kl. 8:30-12:00. Morgunleikfimi á RUV kl. 9:45-10:00. Hádegismatur kl. 11:30-12:30. Myndlistarhópur Selmu kl. 13:00-15:45. Stólaleikfimi kl. 14:00-14:30. Síðdegiskaffi kl. 14:30-15:30.

Garðabær 730 Morgunvatnsleikf. í Sjál.sk. 8.30. Pool-hópur í Jónsh. 9.00-12.00 Listmálun Smíðju. 10.00 QJ-Gong í Sjál.sk. 10.00 Ganga frá Jónsh. 10.30-16.40 Kaffiveitingar í Jónsh. 11.00 Stólajóga í Sjál.sk. 11.15 Boccia í Ásgarði. 13.00.00-16.00 Listmálun í Smíðju. 13.00 Handavinnuhorn í Jónsh. 13.00 Sögulestur í Jónsh. - Egilssaga **Gerðuberg** Fimmtudagur 30. janúar. Opin vinnustofa í Búkollulaut frá kl. 8:30-16:00 (heitt á könnunni). Dansleikfimi með Auði Hörpu kl. 10:00 í Háholti. Línudans kl.11:00 í Háholti. Bútasamur kl. 13:00-16:00. Öll velkomin, óháð aldri og búsetu.

Gjábakkí Qigong kl. 9 til 10.15. Handavinnustofa og verkstæði laus kl. 9 til 11.30. Jóga kl. 11 til 12.15. Bókband kl. 13 til 15.30. Vatnslitafélagar hittast kl. 16 til 18. Bridge-félag Kópavogs kl. 19 til 21.

Gullsmári Fimmtudagur: Opin handverksstofa kl. 9:00. Qi Gong kl. 10:30. Bútasamur/Kapítólur kl. 13:00. Bridge kl. 13:00. Jóga kl. 17:00.

Hraunsel Fimmtudagur: Billjard: Kl. 8:00-16:00. Dansleikfimi kl. 9:00. Qi Gong: Kl. 10:00. Pilukast kl. 13:00. Alltaf heitt á könnunni í boði FEBH. **Hvassaleiti 56-58** Morgunkaffi og spjall frá 8:30-10:30. Handavinna - opin vinnustofa 9:00-16:00. Jóga með Carynu kl. 9:00. Jóga með Ragnheiði kl. 10:15. Stólaleikfimi kl. 10:30. Félagsvist kl. 13:10. Boccia kl. 13:30. Hádegismatur kl. 11:30-12:30, panta þarf fyrir hádegi deginum áður. Kvöldopnun kl. 19:00 - 22:00.

Korpúlfar Borgir Fimmtudagur: Styrktar- og jafnvægisleikfimi kl. 10:15 og 11:00. Skákhópur Korpúlfa kl. 13:00, Spilið Canasta kl. 12:30. Myndasýning frá Kasakstan og Úsbekistan kl. 13:00. Tréútskurður á Korpúlfsstöðum kl.13:00.

Samfélagshúsið Bólstaðarhlíð 43 Morgunkaffi 10:00. Vítamín í Valsheimilínu 10:00. Myndlist m. Margréti (lokaður hópur) 12:30. Rútuferð í Bónus, frítt 12:55. Fjölskyldubingó 13:00, öll velkomin. Samþrjón 13:00-14:30. Opið kaffihús 14:30-15:30, öll velkomin. Minnum á skráningu Porrablótsins, haldið 6. feb.

Samfélagshúsið Vitatorgi Bókband í Smíðju kl. 9:00-12:00. Vítamín í Val - ókeypis líkamabjálfun í Valsheimilínu að Hlíðarenda kl. 10:00-11:00. Kvikmyndasýning í setustofu kl. 12:45-14:30. Sköpun og dútl í handverksstofu kl. 13:00-15:00. Opið hús á vegum Rauða krossins kl. 16:00-18:00.

Seltjarnames 900 Kaffikrókur og leir, 10 Billiard í Selinu, 10 Boccia. 1390 Gler í félagsheimilínu og handavinna og samvera á Skólabraut. Bingó á föstudag kl. 13.30.

Seltjarnames 7:10 Vatnsleikfimi í Sundlaug, 9:00 Kaffikrókur á Skólabraut.

Auglýsing um skipulag Hafnarfjarðarbær

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 15. janúar 2025 að auglýsa tillögu að breytingu deiliskipulags Hleina að Langeyrarmölum í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Deiliskipulagið Hleinar að Langeyrarmölum er sameiginlegt Hafnarfirði og Garðabæ. Samþykkt Bæjarstjórnar Garðabæjar um að auglýsa breytinguna var afgreidd á fundi þeirra 5. desember 2024.

Breytingin gerir ráð fyrir breyttri uppbyggingu á svæðinu til þess að bæta lífsgæði íbúa, fjölga íbúðum og búsetuúrræðum fyrir aldrada. Hún felur í meginatriðum í sér að bætt er við nýrri álmu hjúkrunarheimilis og þremur fjölbýlishúsum ásamt tengibyggingu. Breytingar verða m.a. á stærð lóðar, byggingarmagni, nýtingarhlutfalli, legu götunnar Naustahleina og staðsetningu spennistöðvar.

Á kynningartíma frá 31. janúar til 17. mars 2025 má nálgast tillöguna á vef skipulagsgáttar <https://skipulagsgatt.is/>

Boðað er til kynningarfundar **miðvikudaginn 12. febrúar kl. 16** í húsnæði Hrafnistu í Hafnarfirði, Hraunvangi 7, þar sem skipulagshöfundar munu kynna áherslur og umfang deiliskipulagsins.

Athugasemdum og/eða ábendingum skal skila rafrænt í gegnum skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Ef óskað er frekari upplýsinga um tillöguna er hægt að senda fyrirspurn á netfangið: skipulag@hafnarfjordur.is.

Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

hafnarfjordur.is



Pantaðu pláss fyrir þína atvinnuauklýsingu á
atvinna@mbl.is

Morgunblaðið

Smáauglýsingar

Hljóðfæri

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Hljómborð
á tilboði

Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar
á tilboði

Gítarar
í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Sumarhús



Sumarhús – Heilsárshús

Gestahús – Breytingar

- Framleiðum stórglæsileg sumarhús/heilsárshús í ýmsum stærðum.
 - Tökum að okkur stækkun og breytingar á eldri húsum.
 - Smíðum gestahús – margar útfærslur.
 - Sjáum um almennt viðhald á sumarhúsum og sólpöllum.
 - Setjum niður heita potta og smíðum palla og skjólveggi.
- Áratugareynsla – endilega kynnið ykkur málið.
Trésmiðja Heimis, Þorlákshöfn, sími 892-3742 og 483-3693, www.tresmidjan.is

Til sölu

Bókaveisla

Vegna flutninga seljum við mikið magn bóka á 1.000kr. og 2.000kr. stykkið. Einnig dýrari og sjaldséðar bækur. Allt góðar og eigulegar bækur. Opið föstudag, laugar dag og sunnudag frá kl. 13-17. **Dvergholt 11, Hafnarfirði.**

Málarar

MÁLARAR

Tökum að okkur öll almenn málingarverkefni. Við erum faglarðir málar með mikla reynslu. Sanngjarnir í verði. Hafið samband í síma 782-4540 eða loggildurmalari@gmail.com

Ýmislegt

Sálarrannsóknarfélag
Reykjavíkur



Síðumúla 31
588 6060 og 894 4014

Félagið býður uppá miðilseinkatíma fyrir félagsmenn og aðra.

Hjá félaginu starfar m.a. **Þórhallur Guðmundsson miðill.** - Einnig er möguleiki á að fá einkatíma í gegnum síma hvert á land sem er, sem og erlendis.



Jessenius Faculty of Medicine í Martin. Inntökupróf verða haldin á netinu 21. mars, 28. júní og 8. ágúst 2025. NÝTT Nemendur meiga reyna 3 sinnum við prófið. **Uppl. kaldasel@islandia.is og s. 8201071 www.jfmed.uniba.sk/en**

Tölvur

Datatech
Sérhæfð
Gagnabjörgun
af tölvum og
hörðum diskum

571-9300
datatech.is

Bílar



2/2021 Hyundai Kona rafmagnsbíll með 39 kWh drifrafhlöðu. Ekkinn aðeins 18 þús. km. Raun drægni um 250 km. Krell hljómgræjur og allur helsti búnaður. Ennþá í ábyrgð.

Frábært verð 3.380.000.



www.sparibill.is
Hátúni 6 A – sími 577 3344
Opið kl. 10-18 virka daga

Húsviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÜRVERK
FLOTUN - SANDSPARSL
MÁLUN - TRÉVERK**

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum

Tímavinna eða tilboð

**Strúctor
byggingþjónusta ehf.
S. 893 6994**